



FRÉTTABRÉF

ÍSLENSK ÆTTLEIÐING

April 1995

Fréttir frá skrifstofu

Heil og sæl

Á árinu eru komin 3 börn frá Indlandi. Íslenskir foreldrar eiga auk þess þrjú börn í Calcutta sem verða sótt með vorinu, og upplýsingar um fleiri börn eru væntanlegar á næstunni. Chandana Bose hefur nú fengið starfsleyfið sitt endurnýjað og gildir það til apríl 1997.

Frá Thailandi er væntanlegur myndarlegur strákur á næstunni.

Bíðlisti hefur styrt mjög, þeir sem sækja um ættleiðingu í Thailandi eða Colombíu geta strax hafið vinnu við umsókn. Einnig þeir sem vilja sækja um í Rússlandi, en með þeim fyrivarla að einhver biðstaða er í Moskvu meðan beiðið er breytinga á ættleiðingarlögum þar. Umsóknir sem lagðar voru inn á síðasta ári gilda enn.

Varðandi umsóknir til Vietnam pá hafa ekki borist skrifleg svör þaðan. Í símtölum segja þeir pappíra okkar fullnægjandi en vegna þess að félagið hefur ekki starfsmann eða tengilið í Vietnam pá skeður ekkert. Við báðum stærstu ættleiðingarsamtök í Svíþjóð um aðstoð, en fengum snubbótt svör. Peir geta gefið okkur almennar upplýsingar en ekkert

sem yrði til þess að íslenskir kjöforeldrar fengju börn sem særnskir umsækjendur fengju annars. Þetta kom okkur ekki á óvart, því við höfum áður rekið okkur á að norræn samvinna nær ákveðið langt, og ekki lengra. Hins vegar hafa félög á Norðurlöndunum langa reynslu sem við getum lært mikið af, og stjórnin hefur því fullan hug á að halda góðu sambandi við norrænu félögin, ásamt áframhaldandi þátttöku í Euradopt - samtökum ættleiðingarfélaga í Evrópu.

Lögræðingur dómsmálaráðuneytisins, Margrét Hauksdóttir, hitti hluta stjórnarinnar um miðjan mars. Fundurinn var ánægjulegur, og gott að finna hversu sammála við vorum um ýmis atriði sem lúta að ættleiðingunum. Sameiginlegt markmið okkar sem vinnum við ættleiðingar er að finna barni góða fjölskyldu og tryggja hag barnsins sem best. Það er mikilvægt að skiptast á skoðunum og kynnstast stefnu stjórnvalda, og treystum við því að samstarf verði gott áfram. Frumvarpi sifjalaðanefndar um ættleiðingar miðar hægt, en það mun fjalla um flestar hliðar ættleiðinga, m.a. hverjir fá leyfi til ættleiðingar og um væntalega löggildingu félagsins.

Skrifstofan

Skrifstofan er opin á miðvikudögum og föstudögum kl. 10-12 f.h. en fólkis er bent á að panta sér tíma ef það getur ekki komið þegar opið er.


Sími 551 4280 - Fax 562 4910

Árgjald 1995


Með fréttabréfinu er sendur gíróseðill vegna árgjalds 1995. Við vonum að flestir sjái sér fært að greiða hið fyrsta. Einnig viljum við biðja félagsmenn að athuga gíróseðil fyrra árs, því margir virðast hafa gleymt honum.

Albúmið


Gaman væri að fá myndir af börnum ykkar til birtingar í fréttabréfinu. Okkar langar líka til að birta myndir af börnum sem fædd eru í öðrum löndum en Índlandi, en það getum við ekki nema þið sendið okkur myndir.




Akureyringarnir Anna Gréta, f. 1987, og litla systir hennar Bergþóra, f. 1991, Sveinsdætur koma báðar frá „barnaheimilinu okkar“ í Calcutta.




Þessir vinir eru líka Akureyringar. Fremst situr Kristinn Már Karlsson sem fæddur er í Calcutta 1992 og fyrir aftan systkinin Rósá Björg, f. 1987, og Anton Gunnar, f. 1992, Ólafsbörn.



Unnur Margrét Sævarsdóttir er fædd í Calcutta í apríl 1994 og kom heim 2. okt. 1994.



Perla Sigurðardóttir er fædd í Calcutta í maí 1994 og kom heim með mömmu, pabba og stóra bróður sínum Leó í nóvember 1994.



Hrefna Kolbrún, f. 1988, og Póra Tinna, f. 1992, Guðnadætur búa á Suðurnesjunum. Þær fæddust báðar í Calcutta.

Útilegan

Árleg útilega félagsins er fyrirhuguð helgina 7.-9. júlí á Hólum í Hjaltadal. Þær er góð aðstaða og mjög fallegt tjaldstæði og vonandi verða veðurguðirnir okkur hlið-hollir. Útilegan verður nánar kynnt síðar.

Dökkhærður með brúna húð

Félaginu barst bréf frá Egilsstööum, þar sem kjörmóðir lætur hugrenningar sínar í ljós. Börnin hennar eru 21 og 14 ára. Það er afar athyglivert og áhugavert að heyra skoðanir fólks á félaginu okkar, starfi þess og ekki síst gildi þess fyrir kjörforeldra og börnin þeirra.

Ágætu félagar! Látið nú heyra í ykkur. Rifjið upp ferðina ykkar til fæðingarlands barnsins, segið frá ykkur sjálfum og börnunum ykkar. Þetta á við um alla, en ekki síst þá sem eiga stálpuð börn.

Hér kemur svo bréfið hennar Gunnþórunnar.

Ágæta félag, Íslensk ættleiðing.

Varðandi hugleiðingar ykkar úr fréttabréfi frá í desember 1994 viðvígjandi félagsgjöldum finnst okkur þau vera of há. Við hjónin erum búinn að greiða í félagið frá upphafi fyrir utan 2 sl. ár. Í rauð hefðum við ánægju af því að vera í félaginu en getum hugsað okkur 1.000 - 1.500 kr. á ári.

Við eignum 2 börn. Fyrra barn okkar er stúlka, 21 árs og eignuðumst við hana í gegnum félagið Norsk Korea ættleiðing vegna þess að Kóreubúa héldu Ísland vera eyju út úr Noregi. Hingað voru, að okkur skilst, ættleidd 22 stórmynningarleg börn frá því landi og virðist þeim farnast hér vel.

Stúlkán okkar er alveg dásamleg. Lítill vildi hún lítið tala um sitt fæðingarland, þótt hún sé frá fyrstu tið meðvituð um sinn uppruna innpakkaðan í okkar fegursta mál, en í fyrra fór hún í fyrsta sinn að spekulera í sínum uppruna. Nú er hún að hugleiða að fara sem skiptinemi

út og langar ef til vill að upplifa 1 ár þar.

Já, svo eignum við son sem er fæddur á Jövu í Indónesi. Hann er að verða 14 ára, þ.e. fermist í vor. Hann er fæddur tvíburi og munaði litlu að við eignuðumst systur hans ári eftir komu hans til okkar, en forlögin ætluðu okkur það ekki. Hann er, sem dóttir okkar, ljúflingur og listhneigður ungur maður.

Ef til vill kemur að því að við höldum mótt hér fyrir austan. Hótel er á Hallormstað og sundlaug á staðnum og sömuleiðis á Eiðum þar er einnig sundlaug.

Já, við skrifum þessar línum til gamans og í allvöru. Nú eru börnin okkar orðin svo gömul að þau hafa ekki áhuga á mótnum en þegar þau fara sjálf að eignast börn þá getur viðhorfið breyst.

Ættleiðingarmótin eru auðvitað jákvæð fyrir það að þar kynnist fólk og eignast þar bæði börn og fullorðnir félaga. Mér finnst það jákvætt og finnst mér það ekki síður máli skipta fyrir eldra barnið okkar.

Nú eru elstu börn félagsins að verða fullorðið fólk og gæti verið gaman að hugleiða hvort þau vilji nú ekki hvað úr hverju fara að stíga í pontu og tjá sig um hugrenningar sínar varðandi það að vera dökkhærður með brúna húð meðal Íslendinga og að ég nú tali ekki um það ef þau fullorðin heimsækja svo sitt fæðingarland að þau segi e.t.v. af þeiri reynslu sinni, þ.e. hvernig þeim finnst þau falli þar inn í dökkhærð meðal dökkhærðra.

Gangi félagi ykkar - okkar - allt í hag.

Kveðja,

Gunnþórunn Benediktsdóttir

Bláskóum 5, Egilsstöðum

PRENTVERK
frá A til Ö



PRENTVERK AKRANESS hf.
Heiðargerði 22 - 300 Akranes - Sími 93-11127 - Fax 93-11804



FRÉTTABRÉF

Útgefandi: Íslensk ættleiðing

Ábm.: Guðrún Sveinsdóttir

Ritstjóri: Hrönn Ríkharðsdóttir

Prentun: Prentverk Akraness hf.